# Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

# VIÐAUKI

**við grunnlýsingu LSS150434**

**dagsett 24. apríl 2013**

**Skuldabréfaútgáfa maí 2013**

# LSS150434

# 1 ÁBYRGIR AÐILAR

## 1.1 Útgefandi

Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt. 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

## 1.2 Yfirlýsing útgefanda

Stjórn og framkvæmdastjóri Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100, lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem þessi viðauki við grunnlýsingu dagsett 24. apríl 2013 hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans. Jafnframt er Lánasjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100 umsjónaraðili með töku skuldabréfa lánasjóðsins í flokki LSS150434 til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.

Reykjavík, 30. maí 2013
Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Fyrir hönd stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Magnús B. Jónsson
stjórnarformaður

Fyrir hönd Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Óttar Guðjónsson
framkvæmdastjóri

# 2 TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Þessi viðauki við grunnlýsingu LSS150434 dagsett 24. apríl 2013 er gerður til að koma á framfæri við fjárfesta nýjum upplýsingum, sbr. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, vegna breytinga á endanlegum skilmálum LSS150434 sem eru til komnar vegna skiptiútboðs lánasjóðs sveitarfélaga í skuldabréfaflokki LSS 08 1 þar sem eigendum bréfa í skuldabréfaflokki LSS 08 1 býðst að fá afhent bréf í skuldabréfaflokki LSS150434 gegn afhendingu á skuldabréfum í flokki LSS 081. Einnig eru upplýsingar um breytingar á fjárhagsstöðu eftir 31. desember 2012. Þessi viðauki er dagsettur 30. maí 2013.

Viðbót við texta endanlegra skilmála LSS150434.

*Texti ef um skiptiútboð er að ræða:*

[Skuldabréf í flokknum verða afhent til fagfjárfesta gegn móttöku skuldabréfa í flokknum LSS 08 1 [•]. Frekari útgáfur verða seldar fagfjárfestum gegn staðgreiðslu í lokuðum útboðum. Umsjónaraðili sölunnar er Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Lánasjóðurinn greiðir enga þóknun til þeirra sem tóku þátt í þessu skiptiútboði. Lánasjóðurinn greiðir árlegt gjald vegna skráningar skuldabréfanna hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. sem nemur [•%] af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni. Ennfremur greiðir Lánasjóður sveitarfélaga ISK [•] fyrir að skuldabréfin séu tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Heildarkostnaður við útgáfuna er ISK [•]. Að auki greiðir lánasjóðurinn árlegt fast gjald ISK [•] fyrir að skuldabréfaflokkurinn sé í viðskiptum á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. ásamt árlegu markaðstengdu gjaldi sem nemur [•%] af markaðsvirði skuldabréfaflokksins hverju sinni.

Verðmæti skuldabréfanna miðað við sölugengi er alls ISK [•]. Að frádregnum kostnaði er nettósöluandvirði útgáfunnar [•].]

**Breyting á fjárhagsstöðu eftir 31. desember 2012**

Engar mikilvægar breytingar hafa átt sér stað á fjárhagsstöðu lánasjóðsins né hafa orðið verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum sjóðsins frá lokum síðasta fjárhagstímabils 31. desember 2012 fram til dagsetningar viðauka þessa við grunnlýsingu LSS150434. Ársreikningur lánasjóðsins fyrir árið 2012 hefur verið endurskoðaður án athugasemda eða fyrirvara og var birtur opinberlega 1. mars 2013.

Fjármálaeftirlitið hefur staðfest þennan viðauka við grunnlýsingu dagsettann 30. maí 2013.